




GARÐAÞJÓNUSTA
SIGURJÓNS
www.gardaroggluggar.is








GARÐAÞJÓNUSTA
SIGURJÓNS

“Engin vandamál bara lausnir”

GARÐAÞJÓNUSTA SIGURJÓNS

Framúrskarandi fyrirtæki 2024-2025

UM OKKUR

Garðaþjónusta Sigurjóns veitir framúrskarandi þjónustu og skilar vönduðum vinnubrögðum. Við erum vel tækjum búin og með góða þekkingu á þeim verkefnum sem við tökum að okkur.

Einkunnarorð okkar eru…

“Engin vandamál bara lausnir”

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í...

- **Alhliða garðaþjónustu fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki. Allt sem þarf til að undirbúa garðinn þinn fyrir vetur, sumar, vor eða haust.**
- **Að hreinsa gangstéttar, götur, bílastæði, bílastæðahús og hesthús.**

  Við reddum þér!
- **Gluggaþvotti, inni sem úti, á stórum sem smáum byggingum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög.**
- **Að vera til staðar þegar veturinn gengur í garð. Erum vel tækjum búin fyrir hálkuvarnir, snjómokstur, söltun og söndun og pössum upp á öryggi þitt í hálkunni.**



TRAMPÓLÍN TIL SÖLU EÐA LEIGU

EXIT Allure Premium ø427cm



EXIT Allure Premium 244 x 427cm



Trampólín sem henta vel við íslenskar aðstæður

Trampólín geta verið frábær viðbót í garðinn yfir sumarið, en þau þurfa líka utanumhald. Garðaþjónusta Sigurjóns sér um trampólín frá upphafi til enda yfir tímabilið, þannig að þau séu á sínum stað þegar þeirra er þörf og hverfi aftur þegar sumrinu lýkur.

Lágmarks binditími:	3 sumur
Innifalið í leigu:	Uppsetning að vori,niðurtaka að hausti og vetrargeymsla.

*Eingöngu er greitt fyrir þá mánuði sem trampólínið er í notkun (t.d. maí–september).

Nánari upplýsingar á
gardaroggluggar.is



GLUGGA-ÞVOTTUR

VETUR/SUMAR/VOR/HAUST

“Skín sólin inn í stofu þína, en óhreinir gluggar hindra hana? Láttu okkur hjálpa þér að gera gluggana þína hreina.
Við tökum að okkur gluggaþvott á stærri og smærri byggingum, bæði að utan og innan. Við sjáum um regluleg þrif og gluggaþvott fyrir heimahús, fyrirtæki og húsfélög.

- **Gluggaþvottur**
- **Gluggaþvottur að utan**
- **Þrífa svalalokanir/sólskála**
- **Gróðurhús**
- **Gluggaþvottur að innan**
- **Þrífa glerveggi**





VIÐ ERUM VEL TÆKJUM BÚIN OG PÖSSUM UPP Á ÚTSÝNIÐ HJÁ ÞÉR





GARÐA-ÞJÓNUSTA

VOR, SUMAR OG HAUST

Garðaþjónusta Sigurjóns er almenn garðaþjónusta sem veitir framúrskarandi þjónustu allt árið um kring fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki.



VOR/SUMAR/HAUST

TRJÁKLIPPINGAR

Vel klippt tré og runnar eru mikil prýði. Miklu máli skiptir að klippa tré og runna á réttum tíma, með réttum aðferðum og tækjum. Láttu okkur taka þátt í að skapa sannkallaða paradís í garðinum þínum!



VOR/SUMAR/HAUST/VETUR

TRJÁFELLINGAR

Við sérhæfum okkur í að fella tré, bæði stór og smá. Erum með reynslu og tækjabúnað til að fella tré við erfiðar aðstæður. Eftir að verkefni lýkur sjáum við um flutning og förgun á öllu efni af staðnum.



VOR/SUMAR/HAUST

STUBBATÆTING

Við tökum að okkur að fjarlægja stubba og rætur, sem sitja eftir þegar búið er að fella tré, með sérstökum stubbatætara. Erum með mikla reynslu og erum vel búin tækjum til verksins.



VOR/SUMAR/HAUST

SLÁTTUR

Við bjóðum uppá reglulegan slátt eða einstök skipti, fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki. Sláttur snýst ekki bara um að slá grasið, heldur líka að skapa umhverfi sem þú getur notið með stolti.



VOR/SUMAR

GARÐÚÐUN

Garðúðun gegn óværu snýst ekki bara um að losa sig við óvelkomna gesti. Með réttri umhirðu getum við tryggt að garðurinn þinn verði óspilltur og heilbrigður.



VOR/SUMAR

EITRUN

Með áreiðanlegum eitrunaraðferðum getum við hjálpað þér að losa garðinn þinn við óæskilegar plöntur, arfa og illgresi sem geta haft neikvæð áhrif á vöxt og þroska gróðursins í garðinum.

Við erum með öll tilskilin leyfi til meðferðar eiturefna.



SUMAR/HAUST

GEITUNGABÚ

Með áreiðanlegum eitrunaraðferðum getum við losað þig við óæskilega geitunga sem trufla annars friðsamlegt líf í garðinum þínum.

Við erum með starfsleyfi umhverfisstofnunnar.



VOR/SUMAR/HAUST

BEÐA- OG GARÐHREINSUN

Við fjarlægjum arfa og annan óæskilegan gróður og drasl. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í frágangi. Við mælum með hreinsun garða og beða lágmark tvisvar sinnum yfir sumarið.



VOR/SUMAR/HAUST

LAUFHREINSUN

Snyrtilegir fallegir garðar eftir veturinn og vel undirbúnir fyrir sumarið. Við hreinsum laufblöð úr görðum og þakrennum. Fátt er leiðinlegra en yfirfullur garður af fjúkandi laufblöðum á haustin.



VOR/SUMAR

SANDUR/MOLD/MÖL Í BEÐ

Við bætum mold í beð, sérstaklega ef jarðvegurinn er orðinn næringarsnauður, sand til að minnka illgresismyndun, trjákurl til að gera beðin fallegri og koma í veg fyrir að illgresi nái sér á strik í beðunum. Nærum þannig rætur trjáa og plantna.



VOR/SUMAR/HAUST

ÞÖKULAGNINGAR

Við tökum að okkur þökulagnir af öllum stærðum og gerðum. Við þökulagningu skiptir undirvinnan miklu máli, að velja réttu efnin og auðvitað að bjóða eingöngu upp á besta fáanlega torfið.
Við bjóðum einnig uppá lyngþökur (móa).



VOR/SUMAR/HAUST

HELLULÖGN

Við sérhæfum okkur í öllu því sem viðkemur hellulögnum. Hellur eru góð lausn fyrir bílaplön, garða, tröppur og stíga. Tökum að okkur stærri sem smærri verkefni fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki.



VOR/SUMAR

JARÐVEGSSKIPTI

Partur af framkvæmdum í görðum eru jarðvegskipti. Nauðsynlegt er í sumum tilvikum að fjarlægja jarðveg eða jafnvel að skipta honum út. Við erum vel búin tækjum þegar vinna þarf í burtu jarðveg vegna allskonar framkvæmda.



VOR/SUMAR/HAUST

GRÓÐURSETNINGAR


Látum drauma þína um blómlegan garð verða að raunveruleika. Til að gróðursetning gangi vel og plönturnar vaxi er mikilvægt að vera með rétt áhöld, fara vel með plönturnar og velja góðan stað og tíma til að setja plönturnar niður.

GARÐARÁÐGJÖF OG HÖNNUN















Leyfðu okkur að hjálpa þér með garðinn þinn. Við komum með hug-myndir og ráðgjöf að garðahönnun!

Með okkar víðtæku reynslu af garðahönnun og ráðgjöf getum við aðstoðað þig við að skapa fallegan garð sem endurspeglar þinn persónuleika.

Við komum með hugmyndir sem samræmast þínum óskum og stíl og tryggjum að garðurinn þinn verði í sínu besta mögulega ástandi. Með faglegri ráðgjöf getum við hjálpað þér að ná fram einstöku útliti í garðinum þínum.

Garðahönnun snýst ekki aðeins um að gróðursetja plöntur og setja upp veggi, heldur einnig að skapa rými sem veitir frið og þægindi til að njóta.

Leyfðu okkur að gera garðinn að draumagarðinum þínum.

Hafðu samband við okkur í dag til að fá frekari upplýsingar og bóka tíma.

HAUSTPLÖNTUR, POTTAR OG STEINAR

Litur og líf í garðinn þinn í haust!

Þó að sumarið sé liðið, þýðir það ekki að garðurinn þinn þurfi að missa litinn! Garðaþjónusta Sigurjóns sér um haustskreytingarnar fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við bjóðum uppá fjölbreytt úrval af plöntum, ásamt vönduðum blómapottum og öllu sem til þarf til að gera glæsilegar skreytingar.










Við hjálpum þér að velja réttu plönturnar til að fylla garðinn af fegurð og lit á þessum fallega árstíma.

Hafðu samband og fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum okkar!

GRÆNAR LAUSNIR FYRIR FYRIRTÆKIÐ ÞITT!

Fallegt og heilsusamlegt umhverfi með inniplöntum sem við setjum upp og sinnum fyrir þig.

INNIPLÖNTUR

Það eru margar góðar ástæður fyrir því að þú ættir að hafa plöntur í umhverfinu þínu. Plöntur hjálpa til við að bæta loftgæði og hljóðvist og þær geta líka hjálpað til við að draga úr streitu og auka sköpunargáfu sem skilar sér á endanum í betri líðan. Sem dæmi, þá geta skert loftgæði valdið höfuðverk og þurrk í hálsi og augum. Oft eru þessi einkenni tengd við kulda, álag eða árstíðirnar. Plöntur eru náttúrulegt lofthreinsiefni og við tökum að okkur að finna út með þér hvaða plöntur geta hentað þínu umhverfi.













HVAÐ ER FAGLEG PLÖNTUÞJÓNUSTA?

Við sérhæfum okkur í að bæta vinnustaðaumhverfi með grænum, fallegum lausnum sem stuðla að betri heilsu og vellíðan.

Plöntuþjónusta er fyrir fyrirtæki og stofnanir og nær yfir allskyns umhirðu og viðhald plantna. Það felur í sér vökvun, áburðargjöf, klippingu, uppbindingu og hreinsun á plöntum og pottum.

Plöntuþjónusta er trygging á því að plönturnar þínar séu alltaf í hæsta gæðaflokki og líði vel.

Plöntuþjónusta Garðaþjónustu Sigurjóns tekur líka að sér að útvega útiplöntur og potta.

Hvernig virkar samningur um plöntuþjónustu?

Við byrjum á því að greina þarfir þínar með því að skoða birtuskilyrði, rými og óskir um innanhússhönnun og setjum saman tillögu sem hentar þínu fyrirtæki. Garðyrkjumaður skoðar svo og heldur utan um plönturnar á 2-3 vikna fresti þannig að plönturnar líti vel út og líði vel.

Fyrir ráðstefnur og viðskiptaviðburði getum við hjálpað þér að koma með hugmyndir að útliti og bjóðum þá uppá skammtíma leigu á plöntum og pottum.

Einnig getum við séð um blómvendi og blómstrandi blóm fyrir sérstaka daga og viðburði.

HÁÞRÝSTI-ÞVOTTUR

VETUR, SUMAR, VOR OG HAUST

Við erum sérfræðingar í háþrýstiþvotti og erum mjög vel tækjum búin.

Leysum verkefnin fljótt og vel.



BÍLAGEYMSLUÞRIF

Gerðu bílageymsluna þína að bílastæði sem þú getur verið stolt/ur af. Við getum hjálpað þér að halda bílageymslunni þinni í besta mögulega ástandi.



PALLAHREINSUN

Hvað er betra en hreinn og fallegur pallur þegar sumarið er framundan. Við tökum að okkur að fríska upp á pallinn þinn.





HELLUHREINSUN

Við bjóðum upp á hellu og gangstéttahreinsun. Við hreinsum arfa og mosa sem vex á milli hellnanna og frískum um leið upp á þær. Að verki loknu er fátt skemmtilegra en að sjá „fyrir og eftir“.





ÞAKRENNUHREINSUN

Við notum sérhæfðan búnað og margreyndar aðferðir til að fjarlægja öll óhreinindi og hindranir sem geta valdið vandamálum í þakrennum og niðurföllum. Forðastu hættu á raka og myglu og haltu rennum og niðurföllum hreinum.



VETRARVERKIN

Er vetur konungur mættur?

Losaðu þig við snjó og hálku með hálkuvarna- og snjómoksturs þjónustunni. Með hálkuvörnum- og snjómokstri getur þú tryggt þér öryggi og aðgengi á köldum vetrardögum. Við erum vel tækjum búin og getum hjálpað þér að tryggja undirbúning og öryggi fyrir snjó og hálku.



HÁLKUVARNIR

Öryggi yfir vetrartímann!

Með þjónustu okkar getur þú tryggt þér öryggi og minnkað áhættu á slysum vegna hálku.
Gerðu ráðstafanir fyrir komandi vetur og hafðu samband við okkur til að bóka þjónustu eða fá frekari upplýsingar.

Við bjóðum upp á söltun og söndun fyrir húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.





SNJÓMOKSTUR

Veturinn kemur með sína eigin töfra en honum fylgja líka áskoranir. Með snjómokstursþjónustunni okkar geturðu farið í gegnum annars snjóþungar götur með hugarró. Hvort sem það er að auka öryggi við akstur, hreinsa snjó af göngustígum eða aðrar hálkuvarnir.



SÖLTUN OG SÖNDUN

Við bjóðum upp á hálkusand eða salt sem hálkuvörn til að dreifa á bílastæði, gangstéttar, innkeyrslur og önnur svæði.



SNJÓBLÁSTUR

Með snjóblæstri er hægt að auka öryggi á snjóþungum vetrardögum. Við notum hágæða búnað og fagmennsku til að fjarlægja snjóinn og sjá til þess að gangstéttir séu öruggar og aðgengilegar.

GÖTUHREINSUN OG SÓPUN!

Við bjóðum uppá götusópun fyrir bílastæði og gangstéttir fyrir húsfélög, einkaaðila og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

Haltu bílastæðum og gangstéttum hreinum og fallegum, hvort sem um ræðir bílastæði í fjölbýlishúsum, gangstéttum við heimili eða almenningssvæði.

Snyrtilegri götur, betra umhverfi!







TÆKJAKOSTURINN OKKAR

Kallar næsta verkefni í garðinum þínum á gröfu eða vörubíl?
Við erum vel tækjum búin og mætum til að vinna verkið.














Hafðu samband í síma 547 7900 og við leysum verkefnið með þér

SLÁTTURÓBÓTAR TIL SÖLU OG LEIGU*

*Leiga til fyrirækja, húsfélaga og stofnana



SNJALLARI LEIÐ TIL AÐ HALDA GRASINU HEILBRIGÐU

Tímasparnaður og aukin gæði

Slátturóbótar eru framtíðin í umhirðu grænna svæða. Með því að færa sláttinn yfir í sjálfvirkt ferli spararðu ekki aðeins ómældan tíma og vinnu, heldur tryggirðu einnig jafnari, þéttari og heilbrigðari grasflöt. Róbótarnir sjá um verkið hljóðlega og áreiðanlega, alla daga.

Lausnir fyrir öll svæði

Sama hvort verkefnið er snyrtilegur einkagarður, stór fyrirtækjalóð eða krefjandi golf- og íþróttasvæði, þá eigum við réttu vélina fyrir þig. Við leggjum áherslu á háþróaða og áreiðanlega tækni sem lagar sig að umhverfinu og skilar fullkomnum árangri.

Sérfræðiþekking og þjónusta

Við hjá Garðaþjónustu Sigurjóns þekkjum íslenskar aðstæður. Við aðstoðum þig við að velja þann róbóta sem hentar þínu svæði best, sjáum um ráðgjöf og tryggjum trausta þjónustu svo þú getir notið útkomunnar áhyggjulaus.

Hafðu samband í dag og við finnum réttu lausnina fyrir þig.

Sími 547 7900

fyrirspurn@gardaroggluggar.is

GARÐAÞJÓNUSTA
SIGURJÓNS

Garðaþjónusta Sigurjóns er umboðsaðili FJDynamics á Íslandi.

Við bjóðum upp á háþróaða slátturóbóta sem gera umhirðu grænna svæða einfaldari fyrir bæði heimili og fyrirtæki.

FJDynamics

Sveaverken

Sveaverken

ALVA

Þráðlaus og snjall slátturóbóti sem notar háþróaða RTK og Smart Vision tækni til að kortleggja garðinn þinn af stakri nákvæmni. Hann skynjar hindranir á ferðinni, tekur myndir og lærir af hverri sláttulotu. Alva vinnur algjörlega sjálfstætt við að skila jöfnum, þéttum og snyrtilegum grasfleti alla daga.



Sláttugeta	6000 m² á 3 dögum, 2000 m² á dag
Tengimöguleikar	Innbyggð 4G tenging
Staðsetningarkerfi	RTK og Smart Vision
Kortlagning	Einföld kortlagning í gegnum app
Sláttubreidd	260 mm
Hámarks halli (klifurgeta)	33°/65%
Rafhlaða	95 Wh
Sláttuhæð	20 - 60 mm
Sláttutími á hleðslu	Allt að 2 klst
Hleðslutími	60 mín
Þyngd	13,5 kg
IP staðlar	Slátturóbóti: IPX5 | Hleðslustöð: IP65
Þjófavörn	Já

Sveaverken

BLIX

Þráðlaus og snjall slátturóbóti sem notar háþróaða RTK staðsetningartækni og myndavélar til að kortleggja garðinn þinn af stakri nákvæmni. Hann skynjar hindranir á ferðinni og vinnur algjörlega sjálfstætt við að skila jöfnum, þéttum og snyrtilegum grasfleti alla daga.



Sláttugeta	12.000 m² á 3 dögum, 4000 m² á dag
Tengimöguleikar	4G tenging og WiFi
Staðsetningarkerfi	RTK og LiDAR
Kortlagning	Einföld kortlagning í gegnum app
Sláttubreidd	260 mm
Hámarks halli (klifurgeta)	33°/65%
Rafhlaða	190 Wh
Sláttuhæð	20 - 60 mm
Sláttutími á hleðslu	Allt að 4 klst
Hleðslutími	120 mín
Þyngd	13,5 kg
IP staðlar	Slátturóbóti: IPX5 (þolir vantsbunu) | Hleðslustöð: IP65
Þjófavörn	Já

FJDynamics

FJD FV2000

Þráðlaus og snjall slátturóbóti sem notar háþróaða RTK staðsetningartækni og myndavélar til að kortleggja garðinn þinn af stakri nákvæmni. Hann skynjar hindranir á ferðinni og vinnur algjörlega sjálfstætt við að skila jöfnum, þéttum og snyrtilegum grasfleti alla daga.



Sláttugeta	6000 m2 á 3 dögum, 2000 m2 á dag
Tengimöguleikar	WiFi og Bluetooth
Staðsetningarkerfi	RTK eða NTRIP
Kortlagning	Einföld kortlagning í gegnum app
Sláttubreidd	260 mm
Hámarks halli (klifurgeta)	33°/65%
Rafhlaða	95 Wh
Sláttuhæð	20 - 60 mm
Sláttutími á hleðslu	Allt að 90 mín
Hleðslutími	60 mín
Þyngd	13,2 kg
IP staðlar	Slátturóbóti: IPX5 (þolir vantsbunu) | Hleðslustöð: IP65
Þjófavörn	Já

FJDynamics

FJD FL3000 LiDAR

Stórvirkur og þráðlaus slátturóbóti sem nýtir byltingar-kennda LiDAR skönnun til að rata af stakri nákvæmni, óháð utanaðkomandi merkjum eða ytri loftnetum. Hann ræður auðveldlega við brattar brekkur og heldur stórum grasflötum jöfnum og snyrtilegum í öllum aðstæðum.



Sláttugeta	9000 m² á 3 dögum, 3000 m² á dag
Tengimöguleikar	4G tenging eða WiFi
Staðsetningarkerfi	LiDAR
Kortlagning	Einföld kortlagning í gegnum app eða sjálfvirkt með LiDAR tækni
Sláttubreidd	260 mm
Hámarks halli (klifurgeta)	33°/65%
Rafhlaða	190 Wh
Sláttuhæð	20 - 60 mm
Sláttutími á hleðslu	Allt að 180 mín
Hleðslutími	110 mín (staðlað) | 90 mín (hraðhleðsla)
Þyngd	13,5 kg
IP staðlar	Slátturóbóti: IPX5 (þolir vantsbunu) | Hleðslustöð: IP65
Þjófavörn	Já



ÓÞREYTANDI VINNUAFL FYRIR STÆRSTU OG KRÖFUHÖRÐUSTU GRASFLATIR LANDSINS

FJDynamics

FJD TITAN

Öflugur slátturóbóti með þríþættu leiðsögukerfi RTK, LiDAR og Vision sem tryggir fulla nákvæmni á stórum svæðum eins og golf- og íþróttavöllum, jafnvel á nóttunni. Hann skynjar hindranir í allar áttir, skipuleggur bestu sláttuleiðina sjálfvirkt og fer sjálfur í hleðslu eftir þörfum, sem tryggir algjörlega áhyggjulausa og nákvæma umhirðu við krefjandi aðstæður.



HANNAÐUR FYRIR HÁMARKSAFKÖST

Óviðjafnanleg afkastageta

Með 730 mm sláttubreidd slær Titan allt að 36.000 fermetra á dag og allt að 108.000 fermetra með sjálfvirkri hleðslustýringu. Sláttuhæðina má auðveldlega stilla frá 10–100 mm beint í appinu til að mæta þörfum hverrar grasgerðar og árstíðar.

3-laga leiðsögukerfi og öryggi

Dual-RTK GNSS loftnet, LiDAR og Vision (myndavélatækni) vinna óaðfinnanlega saman að hárnákvæmri staðsetningu og hindranavörn. Hljóðlát næturvinnsla tryggir að svæðið sé að fullu tiltækt á daginn.

Sérhannaður fyrir krefjandi landslag

Titan tæklar allt að 20° halla með frábæru gripi, sem tryggt er með snúanlegum framási og tvíhjóladrifi. Snjöll sjálfvirk hleðsla lágmarkar hlé á vinnu og hámarkar orkunýtinguna.

Snjöll stjórnun og línumerking

Stýrðu mörgum svæðum á einfaldan hátt og fylgstu með framvindunni í rauntíma í gegnum eitt app. Með línumerkingarbúnaðinum minnkar málningarnotkun um meira en 50% og tækið merkir allt að 10 fótboltavelli á einni hleðslu.

Sláttugeta	36.000 m² á dag, 108.000 m² á 3 dögum, 18.000 m² á hverja hleðslu
Tengimöguleikar	4G tenging eða WiFi
Staðsetningarkerfi	LiDAR
Kortlagning	Einföld kortlagning í gegnum app eða sjálfvirkt með RTK, LiDAR og Vision tækni
Sláttubreidd	730 mm
Hámarks halli (klifurgeta)	20%
Rafhlaða	2 kWh
Sláttuhæð	10 - 100 mm
Sláttutími á hleðslu	Allt að 8 klst.
Hleðslutími	2 klst.
Þyngd	122 kg
IP staðlar	IP64
Þjófavörn	Já

Sveaverken

THOR

Ný kynslóð slátturóbóta, sérhannaður til að mæta hörðustu kröfum á stórum svæðum eins og t.d. golfvöllum, íþróttasvæðum og hjá sveitarfélögum. Hann lágmarkar launakostnað og tryggir þétta og snyrtilega grasflöt á hverjum einasta degi. Öflug blanda af RTK staðsetningu, 360° LiDAR skönnun og snjöllum myndavélum tryggir sjálfstæða og nákvæma vinnu, án afmörkunarvíra.



Sláttugeta	108.000 m² á 3 dögum, 36.000 m² á dag
Tengimöguleikar	4G tenging eða WiFi
Staðsetningarkerfi	Grunnstöð + LiDAR + Vision
Stjórnun	SveaMow app (iOS og Android)
Sláttubreidd	730 mm
Hámarks halli (klifurgeta)	25°/46%
Rafhlaða	2 kWh
Sláttuhæð	20 - 100 mm
Sláttutími á hleðslu	Allt að 8-10 klst
Hleðslutími	60 mín
Þyngd	122 kg
Hljóðstyrkur	≤ 90dB
IP staðlar	Slátturóbóti: IP64
Öryggi	Regn- árekstrarskynjarar + Þjófavörn

FJDynamics

FJD RCM01

Sérhæfður keflisslátturóbóti sem notar háþróaða RTK og LiDAR tækni til að sinna golfvöllum og íþróttasvæðum af stakri nákvæmni. Hann klippir grasið nákvæmlega og vinnur algjörlega sjálfstætt við að skila keppnisklárum grasfleti með fallegu sláttumynstri alla daga.



Sláttugeta	90.000 m² á 3 dögum, 30.000 m² á dag á sjálfvirkri hleðslu
Tengimöguleikar	4G tenging og WiFi
Staðsetningarkerfi	RTK og LiDAR
Kortlagning	Einföld kortlagning í gegnum app
Sláttubreidd	686 mm
Hámarks halli (klifurgeta)	20°
Rafhlaða	8 kWh
Sláttuhæð	7 - 44 mm
Sláttutími á hleðslu	Allt að 10 klst.
Hleðslutími	5 klst
Þyngd	364 kg
IP staðlar	Slátturóbóti: IPX4
Þjófavörn	Já

FJDynamics

FJD RM21

Öflugur slátturóbóti sem nýtir háþróaða RTK og LiDAR tækni til að stýra sér sjálfstætt um stór svæði eins og golf- og íþróttavelli af fullkominni nákvæmni. Hann skynjar hindranir í allar áttir, skipuleggur bestu sláttuleiðina sjálfvirkt og fer sjálfur í hleðslu eftir þörfum, sem tryggir algjörlega áhyggjulausa og nákvæma umhirðu við krefjandi aðstæður.



Sláttugeta	93.600 m² á 3 dögum, 12.000–13.000 m² á hverja hleðslu
Tengimöguleikar	4G tenging eða WiFi
Staðsetningarkerfi	RTK eða LiDAR
Kortlagning	Einföld kortlagning í gegnum app eða sjálfvirkt með RTK og LiDAR tækni
Sláttubreidd	365 mm
Hámarks halli (klifurgeta)	20%
Rafhlaða	4 kWh
Sláttuhæð	20 - 127 mm
Sláttutími á hleðslu	Allt að 5 klst.
Hleðslutími	5 klst.
Þyngd	170 kg
IP staðlar	Slátturóbóti: IPX4
Þjófavörn	Já

HANNAÐUR TIL AÐ VAXA MEÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM

RM21 er hægt að uppfæra með aukabúnaði fyrir golfboltasöfnun, línumerkingar, grassöfnun og daggarburstun.









VOR/SUMAR/HAUST

LÍNUMERKINGARVÉLAR



FJDynamics

Lyftu umhverfinu á hærra plan á svipstundu. Hvert sem svæðið er færðu fullkomna nákvæmni og fyrsta flokks útlit á línurnar, á meðan tæknin sparar allt að 90% af vinnunni.

FJDynamics PaintMaster vörulínan hentar öllum svæðum og keyra vélarnar sjálfstætt með appi. Toppútgáfan Ultra nýtir alstöðvarlaser sem merkir 11 manna völl á 30 mínútum og virkar þar sem GPS merki er veikt, eins og innandyra.







	PaintMaster Mini	PaintMaster Pro	PaintMaster Ultra
Þyngd	21,85 kg	73,4 kg	75 kg
Stærð	656×655×453 mm	1074×1023×672 mm	1074×1023×672 mm
Merkingarhraði	2 km/klst	1–3 km/klst	1–3 km/klst
Línubreidd	5–12 cm	6–17 cm	6–17 cm
Málningartankur	8 L	20 L	25 L
Rafhlaða	190 Wh	500 Wh	1 kWh
Vinnutími á hleðslu	2 klst	5 klst	8 klst
Hleðslutími	2 klst	2,2 klst	5 klst
Staðsetningarkerfi	RTK	RTK (tvöfalt GNSS)	Total Station og GNSS/RTK
Tengimöguleikar	—	—	4G, Bluetooth og WiFi
IP staðlar	IPX5	—	IPX3
Vinnuhiti	5–45°C	5–45°C	5–45°C

GARÐAÞJÓNUSTA ER OKKAR ÁSTRÍÐA!

Við leggjum áherslu á mikil gæði í garðaþjónustu og ánægja starfsfólksins okkar er einstaklega mikilvæg. Með faglegri þjálfun, stuðningi og hvatningu tryggjum við að starfsfólkið okkar sé ánægt í vinnunni og sé í góðu skapandi umhverfi.














ELÍNARLUNDUR

Við hjá Garðaþjónustu Sigurjóns gróðursetjum tré/runna í staðinn fyrir öll þau tré sem við fellum eða fjarlægjum í verkefnum okkar. Við ræktum skóg og erum að útbúa fallegt útivistarsvæði í Höfðaskógi hjá Skógrækt Hafnarfjarðar. Þar höfum við gróðursett þúsundir trjáa í lundinum sem við höfum nefnt Elínarlundur.

Viltu heimsækja Elínarlund?

Hægt er að fá leiðarlýsingu á Google Maps










HÁTÍÐ Í BÆ!

JÓLASERÍUR OG JÓLASKREYTINGAR

Setjum upp, tökum niður og getum geymt fyrir okkar viðskiptavini.

Þegar veturinn nálgast er gott að fara að huga að jólaskreytingunum. Við seljum og setjum upp jólaseríur og skreytingar. Notum eingöngu seríur í hæsta gæðaflokki. Láttu okkur hjálpa þér að skapa jólastemningu sem mun koma á óvart og gleðja alla sem í heimsókn koma.

Við veitum aðstoð við að skreyta húsið, garðinn og fyrirtækið.


















GARÐAÞJÓNUSTA
SIGURJÓNS
www.gardaroggluggar.is

Fyrir allar fyrirspurnir, spurningar og tilboð, hafðu samband við okkur!

Sími 547 7900

fyrirspurn@gardaroggluggar.is

Garðaþjónusta Sigurjóns

gardatjonusta_sigurjons

Útgáfa sumar 2026 | Hönnun og umbrot: SVART DESIGN